



LANDSSAMBAND
smábátæigenda

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922
PÓSTFAX 562-6590

Alþingi
Erindi nr. P 127/2087
komudagur 24.4.2002

24. apríl 2002

Htv. sjávarútvegsnefnd Alþingis
Einar K. Guðfinnsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um frumvarp til laga um
mál nr. 648, frumvarp til laga um hvalveiðar.

Landssamband smábátæigenda styður efni frumvarpsins.

Aðalfundur LS hafa margsinnis ályktað um að hefja skuli hvalveiðar. Allar hafa þær verið á svipuðum nótum, það er:

1998

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda, hvetur ríkissjórn Íslands til að leyfa hvalveiðar hér við land strax. Allt bendir til þess að fjölgun hvala raski jafnvægi í lífríki sjávar. Nauðsynlegt er að halda hvalastofninum í jafnvægi svo ekki þurfi að minnka sókn í aðra nytjastofna í hafinu við Ísland.“

1999 og 2000

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda samþykkir að styðja kröfur um að hvalveiðar verði hafnar nú þegar. Það er eðlilegt að nýta þær auðlindir sem þjóðin hefur yfir að ráða og þar að auki eru hvalir og selir í beinni samkeppni við veiðar okkar.“

2001

„Aðalfundur Landssambands smábátæigenda telur að hefja skuli hvalveiðar nú þegar enda sýni rannsóknir að hægt sé að stunda þær sjálfbærar.“

Á það skal bent að í framkvæmdaáætlun Ríósáttmálans [agenta 21] er ákvæði um sjálfbæra nýtingu allra auðlinda hafsins. Þar er kveðið á um að strandríki skuldbindi sig til að vernda og hagnýta á varanlegan og sjálfbæran hátt stofna sjávardýra á sínum yfirráðasvæðum að þeim forsendum gefnum að verið sé að viðhalda og byggja upp stofna sjávardýra að því marki að þeir geti gefið af sér hámarkslangtímaafli með þeim takmörkunum sem felast í viðkomandi umhverfis- og efnahagsaðstæðum og skal hafa hliðsjón af innbyrðis tengslum stofna.

Samkvæmt niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar um ástand langreyðar- og hrefnustofnsins er vart hægt að álykta öðruvísi en Íslendingar hafi ekki virt ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar um sjálfbæra nýtingu. Stjórnvöld hafa til þessa ekki hunsað álit Hafrannsóknastofnunar, hreinlega lagt álit hennar á ástandi kvótabundinna fiskistofna til grundvallar við ákvörðun lífskjara á Íslandi. Samþykkt þingsályktunartillögunarinnar er því í sjálfu sér algjör óþarfi, því okkur ber sbr. alþjóðaskuldbindingar sem við höfum undirritað að hefja nú þegar veiðar á hrefnu og langreyði.

Virðingarfyllst

fh. Landssambands smábátæigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri